

Fundargerð
359. fundar framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,
haldinn 31. október 2018, kl. 15.15 að Grensásvegi 16.

Fundinn sátu:

Sandra B Franks, formaður
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður
Jóhanna Traustadóttir, ritari
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri

Fundarritun:

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

Dagskrá

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Vefsíða, þarfagreining
 - Tilboð frá Kóral
4. BSRB þingið
 - Stjórnarseta formanns SLFÍ
 - SBF verður í nefnd um snemmbæra lífeyristöku
5. EPN fundur sem fram fór í Kaupmannahöfn 23. október
6. Undanþágu- eða öryggislistar
7. Formleg staðfesting á trúnaðarmennsku formanna deilda félagsins
8. Heimild fyrir skammtímaláni úr Félagssjóði til Orlofssjóðs vegna fasteignakaupa
9. Lögfræðileg málefni

Önnur mál

Fundargerð

1. Fundur settur

Sandra B Franks (SBF) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fund framkvæmdastjórnar og þakkaði stjórnarmönnum fyrir að mæta fyrr til fundar, þ.s. hún þurfi að mæta á aðalfund Vesturlandsdeildar strax eftir fundinn.

2. Fundargerð síðasta fundar

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að síðasta fundargerð væri samþykkt og komin á netið.

3. Vefsíða, þarfagreining

SBF gerði grein fyrir tilboði sem barst í þarfagreiningu á breytingu/uppfærslu á heimasíðu félagsins frá vefráðgjafar fyrirtækinu Kóral. Mikil umræða var um málið og ákveðið að SBF, Sigríður og Birna Ósk skoði heimasíður hjá viðlíka félögum og

SLFÍ og þarfagreini þær breytingar sem gera þarf á heimasíðu félagsins í samstarfi/samráði við starfsmenn Ap Media.

4. BSRB þingið

Farið var yfir helstu atriði sem fram fóru á nýloknu þingi BSRB. Fram kom að þingið var mjög skilvirkt og vinna í hópum/nefndum hafi verið góð og fulltrúar SLFÍ hafi skilað öflugur starfi á þinginu.

SBF var kjörin í stjórn bandalagsins og valin í vinnuhóp um snemmtöku lífeyris.

5. EPN fundur sem fram fór í Kaupmannahöfn 23. október

SBF gerði grein fyrir að hún og GÖG hafi farið á fund EPN í Kaupmannahöfn þann 23. október. Á fundi EPN var farið yfir ýmis mál og skýrslur frá hverju landi.

Fulltrúar hvers lands fyrir sig gerðu grein fyrir stöðu sjúkraliða í viðkomandi landi og stjórnarháttum þ.s. það virðist í mörgum tilvikum hafa töluverð áhrif á líðan launafólks.

Næsti fundur verður í Osló í 2. til 3. maí og þar á hvert land að gera grein fyrir menntun sjúkraliða og vinnuumhverfi á námstímanum o.fl.

Ákveðið er að næsta aðalfundur og ráðstefna verði í Tromsø vorið 2020.

6. Undanþágu- eða öryggislistar

SBF fór yfir að nú væri verið að fara yfir öryggislista stofnanna, sem varða mönnun ef til verkfallsátaka kemur. Í ljós hefur m.a. komið að listarnir frá LSH gera meira og minna ráð fyrir fullri mönnun.

7. Formleg staðfesting á trúnaðarmennsku formanna deilda félagsins

SBF fór yfir að umræða hafi verið um að útbúa þurfi staðfestingaskjal vegna trúnaðarstarfa formanna svæðisdeilda félagsins. Skjalið sem er til gerir ekki ráð fyrir formönnum deilda og þ.v. væri annað hvort að uppfæra gamla skjalið eða útbúa nýtt fyrir þessa aðila. Ákveðið að uppfæra það gamla og bæta inn umræddum möguleika.

8. Heimild fyrir skammtímaláni úr Félagssjóði til Orlofssjóðs vegna fasteignakaupa

SBF og GÖG fóru yfir að hugmynd hafi komi fram um að selja ekki Safamýrina, heldur bæta við íbúð í Reykjavík þ.s. mjög góð nýting er á íbúðunum í Reykjavík og samkvæmt lauslegri þarfagreiningu er þörf á 3 íbúðum á þessu svæði. GÖG fór yfir fjárhagsstöðu Orlofssjóðs þ.s. fram kom að vegna mikilla fjárfestinga á þessu ári þá sé þörf á skammtímaláni úr félagssjóði fram á næsta ár þ.s. m.a. var gert ráð fyrir að íbúðin í Safamýri yrði seld. Lánið samþykkt og skjal varðandi það undirritað.

9. Lögfræðileg málefni

GÖG fór yfir mál sem hafa verið í vinnslu hjá lögmonnum félagsins. Fram kom að tvö mál hafa leysts þ.e. skaðabótamál inni á LSH þ.s. ríkislögmaður samþykkt ábyrgð spítalans og samið var við stjórnendur Sólvangs um lausn á umdeildu uppsagnarmáli. Launaskriðstryggingamálið hefur verið þingfest og verður hugsanlega flutt í desember n.k.

Önnur mál

- Rætt var um styrkbeiðni frá Rósinni Kiwanisfélagi, sem gefið hefur út söngbækur sem dreift hefur verið á öldrunarstofnanir. Óskað er eftir 50.000 krónum og var það samþykkt.

- Farið var yfir að kveðjuhófin fyrir fyrrverandi formann hafi gengið mjög vel og mikil ánægja að þeim loknum.
- SBF fór yfir frumvarpsdrög fyrir alþingi þ.s. lagt er til að sveinspróf verði jafngilt stúdentsprófi. Félagið mun leggja áhersla á að það sama muni gilda um fagnám sjúkraliða.

Fundi slitið kl. 16.43